

# **Vændi og mansal á Íslandi**

**Gísli Hrafn Atlason  
Katrín Anna Guðmundsdóttir**

**Fyrir  
Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum**

**Reykjavík 2008**

## **Efnisyfirlit**

Inngangur .....	2
Sögulegt yfirlit .....	2
Lög gegn vændi og mansali.....	6
Lög um vændi – sögulegur bakgrunnur og staðan í dag .....	6
Lög og siðareglur gegn mansali.....	8
Nektarstaðir og kynlífsmarkaður tíunda ártugsins.....	9
Tíundi áratugurinn .....	9
Lög og löggreglusamþykktir um nektardansstaði.....	11
Vændi og mansal á Íslandi.....	13
Birtingarmyndir vændis.....	14
Mansal .....	16
Félagsleg úrræði gegn vændi .....	21
Viðhorf til vændis.....	22
Barátta kvennahreyfingarinnar gegn vændi og mansali.....	25
Umræður.....	28
Heimildir .....	31

## Inngangur

Mikil breyting hefur orðið í íslensku samfélagi undanfarinn áratug varðandi vændi og mansal. Á stuttum tíma hefur kynlífsiðnaðurinn orðið sýnilegri, umræða aukist og hart er tekist á um hvaða augum beri að líta vændi. Þá mun skipulögð glæpastarfsemi hafa náð að festa sig í sessi á Íslandi og samfara því eykst hættan á vændi og mansali (Greiningardeild ríkislögreglustjóra, 2008).

Markmiðið með þessari skýrslu er að skoða stöðu vændis og mansals á Íslandi út frá fyrirliggjandi þekkingu. Farið er yfir sögulegan bakgrunn vændis á Íslandi, sem og þróun vændisiðnaðarins síðustu ár. Fjallað er um hvernig mismunandi viðhorf til vændis birtast í lagasetningu og aðgerðum stjórnavalda ásamt því að skoða þau félagslegu úrræði sem í boði eru fyrir fólk í vændi. Þá er fjallað er um skoðanakannanir á viðhorfum almennings og baráttu kvennahreyfingarinnar gegn vændi og mansali. Í lok skýrslunnar er umræðukafli um helstu niðurstöður.

## Sögulegt yfirlit

Fyrir fáum árum voru í flestum löndum Norðurálfunnar konur, sem hrasað höfðu út af skírlífsbrautinni, reknar inn í pútnahús og innsiglaðar til æfilangrar svívirðingar, ef þær voru fátækar. Á þeim árum hefðum við þá átt að »venja okkur við« það. Í flestum löndum er til sú eymd og spilling, sem við höfum enn komist hjá.

(Einar Hjörleifsson, 1913, bls. 154)

Lítið er fjallað um vændi á Íslandi í kringum aldamótin 1900 og orðið vændi ekki komið inn í orðaforða þjóðarinnar. Þegar fjallað er um „pútnahús“ virðist sem vísað sé til annarra landa, eins og í tilvitnunni hér fyrir ofan þar sem sagt er að slíkt tíðkist ekki hér. Barátta gegn vændi virðist ekki hafa verið hluti af íslenskri kvennabaráttu á þessum tíma. Þó víða sé rætt um lauslæti og jafnvel hórdóm í heimildum jafngildir það alls ekki tilvísun í vændi.

Árið 1903 ritaði Bríet Bjarnhéðinsdóttir nokkra pistla um hið „hvítamansal“ (Bríet Bjarnhéðinsdóttir, 1903a). Bríet ferðaðist nokkrum sinnum erlendis til að fylgjast með hvað væri að gerast í kvenréttindamálum í öðrum löndum og byggja upp tengsl á milli landa. Það var einmitt í slíkri ferð sem hún fræddist um mansal. Lýsingar hennar á mansali eru furðanlega líkar því sem við heyrum í dag; sögur af ungu konum og stúlkum sem lokkaðar eru til fjarlægra landa með gylliboðum um betri heim. Þegar á hólminn er komið eru þær síðan þvingaðar í vændi. Bríet taldi litlar líkur á að slíkt tíðkaðist á Íslandi (Bríet Bjarnhéðinsdóttir, 1903b).

Sagnfræðilegar rannsóknir á vændi og birtingarmyndum þess á fyrri tínum eru af skornum skammti og heimildir fáar. Því er erfitt að vitna um hvernig staðan raunverulega var. Næsta víst er að vændi tíðkaðist hér í einhverri mynd, þó ekki sé nema af munnmælasögum af stöku „ógfæfustúlku“. Árið 1921 má marka breytingu í umræðunni. Það ár heldur Bandalag kvenna fund undir yfirskriftinni siðferðismál. Þar voru reifaðar áhyggjur af ungu stúlkum og velferð þjóðarinnar. Fundargerðin birtist í heild sinni í Morgunblaðinu og þar er hvergi minnst á vændi eða að hafa tekjur af lauslæti, eins og það var orðað í lögum á þeim tíma (Siðferðismálin: fundargerð, 1921, 27. október). Þar er hins vegar talað um óskírlífi, sjúkdómahættu og stúlkur á glapstigu. Læknir var

fenginn til að halda erindi um útbreiðslu kynsjúkdóma, en veruleg fjölgun hafði orðið á þeim. Fundurinn samþykkti nánast óbreytta tillögu í fimm liðum frá Bandalagi kvenna um lausnir á þessum málum. Meðal tillagna er að foreldrar og húsráðendur fylgist vel með börnum og unglungum, skorað er á löggregluna að fylgja settum reglum og á Alþingi að semja lög um eftirlit með „gleðisamkomum“ kvenna og karla. Fjórði og fimmti liður tillagnanna eru einkar athyglisverðir en þær er skorað á alþingismenn að beita sér fyrir lagasetningu, annars vegar til að hindra útbreiðslu kynsjúkdóma og hins vegar að gera laganna vörðum kleift að „hindra ferðir kvenna í skip“. Einnig var stungið upp á að siðferðislöggreglu verði komið á fót (Siðferðismálin: fundargerð, 1921, 27. október). Þrátt fyrir að ekki sé rætt um vændi í tengslum við heimsóknir kvennanna í skip má leiða líkum að því að hugsanlega tengist þær vændi í einhverjum tilvikum. Ekki eru þó til gögn sem geta skorið úr um réttmæti þess.

Harðar deilur um vændi og kynfrelsi kvenna spretta upp á hernámsárunum<sup>1</sup> (Herdís Helgadóttir, 2004). Samskipti íslenskra kvenna við breska og bandaríkska hermenn voru litin hornauga og gripu íslensk stjórnvöld til lagasetningar og eftirlits með samskiptum kvenna við hermenn. Opinber nefnd skilaði af sér svokallaðri Ástandsskýrslu þær sem samskipti kvenna við hermenn voru reifuð. Þær voru um 500 konur nafngreindar sem sagðar voru „hvað verstar“. Ungar stúlkur voru sendar í vist í sveit og meðferðarheimili fyrir stúlkur sem ekki fóru eftir settum samskiptareglum var sett á fót. Konur sem sáust á tali við hermenn eða áttu í sambandi við hermenn urðu fyrir aðkasti á götum úti og voru kallaðar öllum illum nöfnum, þær á meðal mellur. Erfitt er að segja til um

---

<sup>1</sup> Hér er vísað í hernám Breta og Bandaríkjumanna á Íslandi í seinni heimstyrjöldinni.

hversu mikið umfang vændis var í raun og veru á þessum tíma. Efnahagsástand var bágborið og tekjumöguleikar kvenna af skornum skammti (ibid). Stungið var upp á að vændiskonur yrðu fluttar til Íslands til að koma í veg fyrir samskipti íslenskra kvenna við hermenn (Herdís Helgadóttir, 2004) en ekki er vitað til þess að slíkt hafi verið gert. Vegna þess hversu hörd viðbrögðin voru við öllum samskiptum kvenna og hermannar erfitt að greina á milli samfélagslegrar stýringar á kynhegðun kvenna annars vregar og hins vregar vændi. Því fer fjarri að íslenskar konur sem áttu samskipti við hermennina hafi meira eða minna verið í vændi en þó talið að eitthvað vændi hafi tengst hernáminu (ibid).

Samkvæmt munnlegri heimild er fyrsta rannsóknin á vændi gerð árið 1985 (Bryndís Björk Ásgeirs dóttir, Hólmfríður Lydía Ellertsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2001) en svo virðist sem ekkert hafi verið birt úr henni. Rannsóknin byggðist á viðtöluum við fólk í vændi og þar kom fram að vændi væri þrenns konar á Íslandi; ungt fólk í vímuefnaneyslu, skipulagt vændi og vændi auglýst í smáauglýsingum dagblaða (ibid). Á þessum árum var töluverð umræða um vændi í kvenréttindatímaritinu VERU. Árið 1983 birtist til að mynda grein um nauðgun og vændi. Þar er vísað í sánska vændisskýrslu frá árinu 1981 og fjallað um vændi sem eina tegund kynferðisofbeldis. Skilgreining á vændi er sótt í sánsku skýrsluna, þ.e. að vændi sé „sjálfsfróun í konuskauti“ (Þorgerður Einarsdóttir, 1983).

Umræða um vændi verður aftur áberandi í þjóðfélaginu með tilkomu nektarstaða árið 1995. Umræða um mansal fylgir í kjölfarið, í takt við umræður og breyttar aðstæður á alþjóðavettvangi. Árið 2001 gefur dóms- og kirkjumálaráðuneytið út skýrslu byggða á rannsókn um vændi og félagslegt umhverfi þess. Í skýrslunni er dregin upp svört mynd af stöðu fólks í vændi á

Íslandi, bæði hjá börnum og fullorðnum. Heimildarmenn sem vitnað er í staðfesta að bæði skipulagt og óskipulagt vændi tengist nektarstöðum og finnst að auki víða annars staðar (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir o.fl., 2001). Í dag eru skiptar skoðanir í þjóðfélaginu um réttmæti nektarstaðanna og heitar umræður verða um vændi. Ólík viðhorf endurspeglast bæði í aðgerðum og aðgerðarleysi stjórnvalda, eins og nánar verður fjallað um síðar í skýrslunni. Segja má að staðan í dag einkennist af breyttu umhverfi þar sem kynlífsmarkaðurinn er sýnilegri en áður og hart er tekist á um hvort skilgreina eigi vændi sem frjálst val einstaklinga sem það stunda eða sem eina tegund af kynferðisofbeldi.

## **Lög gegn vændi og mansali**

### ***Lög um vændi – sögulegur bakgrunnur og staðan í dag***

Hugtakið vændi er fyrst nefnt á nafn í íslenskum lögum árið 1992 (Ragnheiður Bragadóttir, 2006). Frá landnámi til ársins 1662, þegar einveldi Danakonungs yfir Íslandi var staðfest, var fjallað um óskírlífi, lauslæti, hórdóm og frillulifnað í lögum. Frá 1662 þar til seint á 19. öldinni var dönskum lögum iðulega fylgt, jafnvel þó þau hafi ekki verið tekin upp hér á landi að öllu leyti fyrr en síðar. Í dönsku lögunum var ákvæði sem bannaði rekstur „hóruhúss“ og refsingar fyrir bæði karla og konur sem stunduðu lauslæti á slíkum stöðum, en refsingar voru þyngri fyrir konur þar sem þeirra brot voru litin alvarlegri augum (ibid).

Fyrstu heildstæðu hegningarlögin fyrir Ísland gengu í gildi árið 1869 og voru byggð á dönskum hegningarlögum. Hugtakið vændi er ekki notað þar en hins vegar er ákvæði um lauslæti sem augljóslega vísar til vændis, þ.e. refsivert var að hafa tekjur af lauslæti, hvort sem var sínu eða annarra. Einnig var refsivert

að tæla barn til lauslætis. Árið 1940 voru núgildandi hegningarlög samþykkt. Þrátt fyrir orðalagsbreytingar má segja að innihald laganna hafi verið á svipuðum nótum og áður; orðin kynmök og lauslæti eru notuð og áfram er refsivert að hafa tekjur af lauslæti sínu eða annarra eða hafa milligöngu þar um. Árið 1992 var þessi hluti laganna endurskoðaður og hugtakið vændi er notað í fyrsta skipti í íslenskum hegningarlögum. Enn fremur er vændi ekki lengur refsivert ef kynmök gegn borgun eru stunduð í fáein skipti heldur þurfa tekjurnar að vera stór hluti af framfærslu þess sem vændið stundaði. Önnur breyting sem gerð var árið 1992 var að ákvæðið varð kynhlutlaust, þ.e. gert var ráð fyrir að bæði karlar og konur gætu verið seljendur vændis. Áður höfðu lögin aðeins náð yfir lauslátar konur. Aðrar breytingar urðu ekki á lögnum, hvorki hvað varðar þann sem vændið stundaði né mögulegan þriðja aðila (ibid).

Fyrsti og eini dómurinn þar sem ákært var fyrir vændi féll í héraðsdómi árið 2003. Kona var dæmd fyrir vændi og einnig var sambýlismaður hennar sakfelldur fyrir að hafa haft tekjur af vændi hennar, aðstoðað hana við starfsemina og stuðlað með beinum hætti að vændinu. Málið fór ekki til Hæstréttar. Í fjögur skipti hafa fallið dómar í Hæstarétti þar sem þriðji aðili var dæmdur fyrir hagnýtingu á lauslæti eða vændi annara. Þrír þeirra féllu á árunum 1954 og 1955 en sá fjórði árið 1990 (Ragnheiður Bragadóttir 2006). Síðan þá hefur ekki fallið dómur fyrir milligöngu um vændi í Hæstarétti.

Árið 2002 verður refsivert að greiða barni yngra en 18 ára fyrir samræði eða önnur kynferðismök (Almenn hegningarlög nr. 19/1940, gr. 202). Einnig er ólöglegt að hafa milligöngu um vændi barna yngra en 18 ára (ibid, gr. 206). Þessi breyting var gerð í samræmi við lög á hinum Norðurlöndunum (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2006). Engin mál tengd vændi yngri en 18 ára hafa komið

til kasta löggreglu á þann hátt að það hafi leitt til rannsóknar eða kæru þrátt fyrir að rannsóknir sýna að slíkt viðgengst á Íslandi (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2006).

Árið 2007 var gerð sú breyting á hegningarlögum að fellt var út ákvæði um að refsivert væri að stunda vændi sér til framfærslu. Sumir segja að með því hafi vændi verið lögleitt á Íslandi á meðan aðrir benda á að munur sé á að lögleiða vændi eða hafa það refsilaust. Þegar ákvæðið um vændi til framfærslu var fellt út kom ný grein í lögini þar sem refsivert varð að bjóða fram, miðla eða óska eftir kynmökum við annan aðila gegn greiðslu með opinberri auglýsingu (Almenn hegningarlög nr. 19/1940, gr. 206). Þar með var orðið refsivert að auglýsa vændi á nokkurn hátt, hvort sem um kaup eða sölu er að ræða. Áfram er refsivert að hagnast á vændi annarra eða hafa milligöngu þar um.

### ***Lög og siðareglur gegn mansali***

Árið 2003 var bætt við grein gegn mansali í Almenn hegningarlög (Almenn hegningarlög nr. 19/1940, gr. 227). Ákvæðið var sett inn til að uppfylla alþjóðlegar skuldbingar varðandi Palermó-viðaukann<sup>2</sup> og ákvæði í bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins gegn barnasölu, barnavændi og barnaklámi (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2006; Ragnheiður Bragadóttir, 2006).

Samkvæmt tilmælum Norðurlandaráðs nr. 9/2003 gegn vændi og mansali er mælt með að norrænu löndin vinni gegn eftirspurn eftir vændi t.a.m. með því að setja bindandi siðareglur sem banni opinberum starfsmönnum,

---

<sup>2</sup> Palermó-viðaukinn er viðauki við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölbjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi. Palermó-viðaukinn var samþykktur árið 2000.

starfsmönum hersins og þróunarhjálparstarfsmönum að kaupa kynlífspjónustu. Þá eru aðilar vinnumarkaðarins hvattir til að setja sér sambærilegar reglur. Utanríkisráðuneytið hefur sett siðareglur fyrir íslensku friðargæsluna og tekur 5. grein reglnanna á kaupum á vændi: „Friðargæsluliðum er óheimilt að kaupa vændisþjónustu eða eiga kynferðisleg samskipti við nokkurn sem friðargæsluliðinu er háður.“ (Utanríkisráðuneytið 2007). Veturinn 2007 – 2008 var lögð fram þingsályktunartillaga um að setja sambærilegar siðareglur fyrir alla opinbera starfsmenn, þ.e. að banna kaup á kynlífspjónustu af nokkru tagi á erlendri grundu (Tillaga til þingsályktunar um siðareglur..., þskj. 459 – 317. mál). Hún náði ekki fram að ganga og því eru engar siðareglur um kaup opinberra starfsmanna á kynlífspjónustu í gildi.

## Nektarstaðir og kynlífsmarkaður tíunda ártugsins

### *Tíundi áratugurinn*

Sem fyrr segir breyttust aðstæður á Íslandi töluvert í kringum 1995 þegar fyrstu nektarstaðirnir skjóta upp kollinum. Fyrir þann tíma var almennt litið svo á að vændi tíðkaðist ekki nema í mjög litlum mæli á Íslandi og mansal var ekki til í umræðunni. Tengsl vændis og nektardansstaða eru staðfest árið 2001 í skýrslu Bryndísar Bjarkar Ásgeirsþóttur o.fl. um vændi og félagslegt umhverfi þess (2001) og í skýrslu Drífu Snædal, Kynlífsmarkaður í mótu sem út kom árið 2003.

Skýrsla Drífu Snædal (2003) var unnin á vegum Reykjavíkurborgar. Hún rekur ákveðið upphaf á kynlífsmarkaðanum til ársins 1995 þegar kynlífssímalínur og fyrstu nektardansstaðirnir opnuðu. Vissulega var bæði vændi

og klám aðgengilegt fyrir þennan tíma en með tilkomu þessara staða opnuðust ákveðnar gáttir og á svipuðum tíma varð augljós sprenging miðað við það sem áður var. Á skömmum tíma spretta upp kynlífssímalínur, fjöldi verslana með hjálpartæki ástarlífssins og erótískar nuddstofur auk þess sem myndbandaleigur fóru að auglýsa klámefni. Enn fremur bendir Drífa á að önnur fyrirtæki eins og símafyrirtæki, dagblöð og sjónvarpsstöðvar hafi tekið beinan þátt í markaðssetningu á kynlífsmarkaðinum. Fjöldi nektardansstaða náði hámárki árið 2000. Á aðeins fimm árum voru staðirnir orðnir 12 á landinu öllu, langflestir á höfuðborgarsvæðinu (ibid). Þess má geta að á sama ári voru starfræktir 12-13 nektardansstaðir í Kaupmannahöfn þar sem íbúar eru mun fleiri og mikill fjöldi ferðamanna kemur til borgarinnar (Pedersen og Heindorf, 2001). Í upphafi var umfjöllun um kynlífsiðnaðinn ansi jákvæð og lýsti Karl Steinar Valsson þáverandi aðstoðaryfirlöggregluþjónn því þannig að í kringum 1995 hafi almenningi verið skemmt og fólk almennt ekki gert sér grein fyrir alvarleika málsins og því hafi verið erfiðara seinna meir að koma böndum yfir m.a. nektardansstaði (Drífa Snædal, 2003).

Drífa bendir á að kynlífsmarkaðurinn hafi, eins og annað sem er nýtt og óþekkt, náð ákveðnu hámarki áður en nýjabrumið hafi farið af. Hins vegar hafi staðið eftir hópur viðskiptavina sem muni halda markaðnum uppi. Þá er einnig ljóst að í kringum 1995 var lagalegt umhverfi tiltölulega hagstætt fyrir reksturinn. Engar sérstakar reglur giltu um starfsemi nektarstaða. Þá ber að geta þess að á öllum þessum nektarstöðum var ekki nema brot af dönsurum af íslensku bergi brotinn. Flestar erlendu stúlknanna komu frá Austur- og Mið-Evrópu (ibid).

## **Lög og lögreglusamþykktir um nektardansstaði**

Sá mikli fjöldi erlendra kvenna sem kom til landsins í tengslum við nektardansstaðina, auk umræðu um vændi og mansal gerði það að verkum að stjórnvöld ákváðu að grípa til aðgerða til að sporna við þróuninni. Gerðar voru ýmsar breytingar á lögum og lögreglusamþykktum til að koma í veg fyrir starfsemi staðanna. Rekstraraðilar staðanna brugðust við með ýmsum hætti til að finna leiðir til að geta haldið óbreyttri starfsemi áfram. Hér á eftir verður farið yfir þær breytingar sem yfirvöld gripu til og viðbrögð rekstraraðila staðanna.

Árið 2000 voru gerðar breytingar á lögum um veitinga- og skemmtistaði í þá veru að starfsemi staðanna var flokkuð ítarlegar. Nektardansstaðir urðu flokkaðir sérstaklega sem næturklúbbar og þar með aðgreindir frá öðrum veitingarekstri (Lög um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, 9. gr.). Tilgangur lagabreytingarinnar var m.a. sú að auðvelda sveitarfélögum að setja takmarkanir á starfsemi staðanna (Beint að starfsemi..., 2000, 26. febrúar). Í kjölfarið settu nokkur sveitarfélög bann við rekstri næturklúbba í deiliskipulag ákveðinna svæða. (Akureyrarbær 2002 og Nektarstaðir bannaðir..., 2001, 4. apríl).

Samkvæmt íslenskum lögum geta erlendir listamenn unnið hér á landi í allt að fjórar vikur á ári án þess að sérstakt atvinnuleyfi þurfi til (nr. 97/2002, 15. gr.). Fram til ársins 2000 var nektardans flokkaður sem listdans sem þýddi að ekki þurti atvinnuleyfi fyrir dansara. Til að auðveldara væri að sporna við næturklúbbum og hafa eftirlit með nektardönsurum var gerð lagabreyting þar sem tekið var fram að undanþágur listamanna um atvinnuleyfi gilti ekki um dansara á næturklúbbum (Lög um atvinnuréttindi útlendinga nr. 133/1994, 14. gr.). Tveimur árum síðar breytti Reykjavíkurborg lögreglusamþykkt sinni á þann

veg að einkasýningar voru bannaðar og nektardönsurum bannað að fara um meðal áhorfenda (Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg nr. 866/2004, 23. gr.). Fleiri sveitarfélög settu svipuð ákvæði í sínar lögreglusamþykktir.

Árið 2007 var nektardans í atvinnuskyni bannaður samkvæmt landslögum en hægt er að sækja um undanþágu. Undanþágan er háð því að jákvæðar umsagnir berist frá umsagnaraðilum en meðal þeirra eru sveitastjórnir og lögregla (Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, 4. gr.). Ef staðirnir fá undanþágu er sýnendum samt sem áður „óheimilt að fara um á meðal áhorfenda og jafnframt eru hvers konar einkasýningar bannaðar.“ (ibid).

Þessar breytingar torvelduðu rekstur næturklúbba og rekstraraðilar þeirra reyndu að finna leiðir fram hjá ákvæðunum. Einn staðurinn kærði bann við einkadansi þegar það var sett inn í lögreglusamþykktir sveitarfélaga á þeim grundvelli að um skerðingu á atvinnufrelsi væri að ræða en Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að sveitarfélögum væri heimilt að setja starfsemi staðanna skorður (Hæstiréttur, dómur nr. 542/2002). Einnig bar á því að nýjir staðir opnuðu á svæðum þar sem deiliskipulag heimilaði ekki að veitt væru leyfi fyrir nýja næturklúbba. Þannig voru þrír staðir opnaðir í miðbæ Reykjavíkur sem hvorki sóttu um leyfi sem næturklúbbar né á þeirri forsendu að stunda ætti þar nektardans. Einum þeirra var lokað tímabundið af lögregluyfirvöldum árið 2007 og starfsleyfi afturkallað vegna þess að starfsemin samræmdist ekki leyfinu. Dómsmálaráðuneytið staðfesti úrskúrð lögreglustjóra í fyrstu en eftir að kæra barst frá staðnum sendi dómsmálaráðuneytið frá sér úrskurð þar sem stjórnsýsla lögreglunnar var gagnrýnd og felldi sviptingu starfsleyfisins úr gildi (Dómsmálaráðuneyti: Löggregla..., 2007, 22. nóvember).

Það hefur sýnt sig að lög og reglugerðir ein og sér duga ekki til að koma í veg fyrir nektardansstaði eða einkadanssýningar. Þrátt fyrir að einkadans hafi verið bannaður hafa staðirnir fundið leiðir til að afmarka svæðin eins og t.a.m. með háum stólbökum, skilrúnum og jafnvel hafa klefar með tjöldum fyrir verið flokkaðir sem opinbert rými þar sem einkadans hefur farið fram (Héraðsdómur Reykjaness, 19. júlí 2007). Þá er einnig tekist á um nauðsynlegar umsagnir fyrir undanþáguákvæði fyrir nektardans. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gaf neikvæða umsögn um starfsleyfi nektarstaðar í Kópavogi á þeirri forsendu að misnotkun, mansal og glæpir tengist iðulega stöðunum. Á þeim grundvelli synjaði sýslumaðurinn í Kópavogi staðnum um rekstrarleyfi. Synjunin var kærð til dómsmálaráðuneytisins sem taldi að umsögn lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins hafi verið háð verulegum annmörkunum. Ákvörðun sýslumanns var því ógilt (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 2008) og farið fram á nýja umsögn frá lögreglustjóra sem í kjölfarið sendi frá sér nýja umsögn án athugasemda við starfsemina (Lögreglustjóri breytir..., 2008, 31. júlí). Meirihluti borgarráðs Reykjavíkur veitti tveimur stöðum heimild til nektardanssýninga í ágúst 2008 á þeirri forsendu að lögfræðingar borgarinnar teldu neitun ekki standast lög. Á sama fundi samþykkti borgarráð samhljóma áskorun til Alþingis um að sett yrðu lög sem veittu „skýrar lagaheimildir til að koma í veg fyrir starfsemi nektardansstaða“ (Reykjavíkurborg, 2008).

## Vændi og mansal á Íslandi

Í þessum kafla er fjallað um vændi og mansal á Íslandi. Farið verður yfir fyrirliggjandi rannsóknir og fjallað um umhverfi og birtingarmyndir vændis.

Einnig er fjallað um mansal á Íslandi, fyrirliggjandi þekkingu og fjallað um nokkur dæmi út frá alþjóðlegum skilgreiningum á mansali.

### ***Birtingarmyndir vændis***

Vændi birtist í ýmsum myndum á Íslandi en ekki er hægt að meta umfang þess út frá fyrirliggjandi rannsóknum. Aðeins hafa verið gerðar tvær rannsóknir þar sem reynt hefur verið að meta umfangið að einhverju leyti. Árið 1992 var gerð skoðanakönnun um kynhegðun og vitneskju um HIV. Meðal þess sem spurt var um var hvort viðmælendur hefði keypt vændi (Sigríður Haraldsdóttir og Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 1998). Niðurstöðurnar voru að 7,3% af karlmönum á aldrinum 16 – 60 ára höfðu keypt einu sinni eða oftar. Flestir þeirra höfðu keypt vændi á ferðalögum erlendis, eða 96%. Tvær konur sögðust hafa keypt vændi (ibid). Þessi rannsókn er gerð áður en þær miklu breytingar urðu á kynlífsmarkaði sem raktar eru hér fyrir framan og því óvarlegt að ætla að heimfæra megi þessar tölur yfir á samtímann.

Í seinni rannsókninni var vændi meðal ungs fólks skoðað. Rannsóknin samanstóð annars vegar af viðtöllum við ungt fólk<sup>3</sup> og sérfræðinga og hins vegar af spurningarlista sem lagður var fyrir framhaldsskólanema árið 2000 (Bryndís Björk Ásgeirs dóttir, 2003). Meðal þess sem spurt var um var hvort svarendur hefðu þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök. 1% stúlkna og 3,1% drengja á aldrinum 16 – 19 ára svöruðu spurningunni játandi (Bryndís Björk Ásgeirs dóttir, 2003). Það vekur athygli að hlutfall drengja sem segjast hafa stundað vændi er hærra en hlutfall stúlkna, þvert á viðteknar skoðanir um að

---

<sup>3</sup> Rætt var við ungt fólk sem annaðhvort hafði verið í vændi eða sem þekkti ungt fólk í vændi.

fleiri stúlkur en drengir leiðist út í vændi. Nokkrar erlendar rannsóknir hafa sýnt sömu niðurstöður (ibid). Þeir sérfræðingar sem rætt var við í rannsókninni og vinna með ungu fólki í neyslu, sem og unga fólkið sem rætt var við, töldu þó að fleiri stúlkur en drengir væru í vændi (ibid). Rannsóknin getur aðeins gefið vísbindingar um umfangið og hvort heldur sem staðan raunverulega er, þá er ljóst að vændi meðal ungs fólks á sér stað bæði meðal drengja og stúlkna og úrræði og aðgerðir þurfa að taka mið af því. Bryndís Björk bendir á að mikil þörf sé á að rannsaka vændi meðal ungs fólks betur en slíkt hefur ekki verið gert ennþá.

Vændi ungs fólks tengist oft á tíðum heimilisleysi, fíkniefnaneyslu og kynferðislegri misnotkun (Bryndís Björk Ásgeirs dóttir, 2003). Hluti af vændinu myndi flokkast undir götuvændi þrátt fyrir að vera falið að flestu leyti. Vændið getur átt sér stað út á götu, inn á skemmtistöðum og þess háttar en er engu að síður lítt sýnilegt (ibid). Sömu sögu er að segja um vændi meðal heimilislausra. Meðal þeirra tíðkast vændi, bæði innan og utan hópsins og vændi sem myndi flokkast sem götuvændi án þess að það sé þó sýnilegt (Helga Þórey Björnsdóttir, 2004). Einnig er vitað til þess að vændi fari fram í heimahúsum, vændishúsum, hótelum og börum. Vændi er auglýst bæði í gegnum veraldarvef Finn, símalínur og einkamálaauglýsingar dagblaða. Þrátt fyrir að umfangið sé óþekkt stærð hefur félagslega umhverfi fólks í vændi að einhverju leyti verið rannsakað og þar birtist skuggaleg mynd af ofbeldi, misnotkun og vanlíðan (Bryndís Björk Ásgeirs dóttir o.fl., 2001, Bryndís Björk Ásgeirs dóttir, 2003 og Helga Þórey Björnsdóttir, 2004).

Nokkrar heimildir staðfesta tengsl nektardansstaðanna við vændi. Rannsóknir Bryndísar Bjarkar, Hólmfríðar og Ingu Dóru árið 2001 og Drífu Snædal árið 2003 sýndu báðar fram á tengsl staðanna við vændi. Í óbirtri

rannsóknarskýrslu Guðnýjar Gústafsdóttir (2008) sem byggir á vettvangskönnun á tveimur nektardansstöðum í Reykjavík kemur fram að vændi er stundað á stöðunum. Rannsóknarskýrslan byggir á fimm vettvangskönnunum og byggt er bæði á athugunum rannsakanda sem og óformlegum viðtölum við nektardansara og aðra starfsmenn staðanna. Flestar kvennanna sem störfuðu sem nektardansarar voru af erlendum uppruna. Sjaldan sáust sömu konurnar oft sem bendir til að starfsmannaveltan sé hröð. Starfið tengist ekki einvörðungu stöðunum heldur fylgja líka einkasamkvæmi, bæði á stöðunum sjálfum og utan þeirra eftir löglegan opnunartíma. Vændi er stundað í tengslum við staðina og því fylgir ofbeldi, að sögn viðmælanda (Guðný Gústafsdóttir, 2008). Sömu sögu segir fyrrum nektardansari sem Gísli Hrafn Atlason tók viðtal við<sup>4</sup>. Hún segist hafa lent í nauðgunartilraun og að staðurinn hafi neitað að gera nokkuð í því. „Kúnnanum“ var eftir sem áður hleypt inn á staðinn. Hún segir að bæði skipulagt og óskipulagt vændi tíðkist á nektardansstöðunum og að konurnar hafi lítið sem ekkert frelsi til að hafna „kúnnum“; að maður sem er búinn að greiða fyrir drykk og einkadans hafi réttinn sín megin. Vettvangskönnun Guðnýjar sem greint er frá hér að ofan lauk eftir að viðmót starfsmanna staðanna til hennar breyttist; varð kuldalegt og útilokandi. Þetta gefur vísbendingar um erfitt aðgengi til að rannsaka staðina.

### ***Mansal***

Vísbendingar eru um að erlendir aðilar komi í auknum mæli að skipulögði vændi á Íslandi. Grunur leikur á að sú starfsemi tengist mansalshringjum,

---

<sup>4</sup> Viðtal tekið af Gísli Hrafni Atlasyni í tengslum við skýrsluna. Viðmælandi var kona sem áður starfaði sem nektardansari.

einkum í Austur-Evrópu. Víst þykir að íslenskir ríkisborgarar búsettir hér á landi, eigi samstarf við erlenda aðila á þessu sviði skipulagðrar glæpastarfsemi.

(Greiningardeild ríkislöggreglustjóra, 2008, bls. 3)

Ofangreint er úr mati greiningardeilda ríkislöggreglustjóra á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi sem birt var um mitt ár 2008 (ibid). Þar kemur jafnframt fram að þó að Ísland sé fyrst og fremst skilgreint sem gegnumstreymisland varðandi mansal þá er landið einnig endastöð. Venjulega er ekki litið á Ísland sem upprunaland varðandi mansal en í BA ritgerð Unnar Margrétar Arnardóttur, *Angar alþjóðlegrar glæpastarfsemi á Íslandi: Umfang og eðli mansals* (2008) eru tilgreind tvö tilvik þar sem vitað er um Ísland sem upprunaland mansals þannig að slíkt þekkist greinilega þó sjaldgæft sé. Í báðum tilvikum var um konur í fíkniefnaneyslu að ræða.

Jafnréttisráðherrar Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna undirrituðu yfirlýsingu árið 2003 þess efnis að aðgerðaráætlun gegn verslun með konur verði hrint í framkvæmd í síðasta lagi árið 2005<sup>5</sup>. Jafnframt er heitið að gera baráttuna gegn verslum með konur að pólitísku forgangsverkefni (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, ódagsett b). Þetta hefur ekki gengið eftir. Þrátt fyrir að Ísland sé aðili að bæði Palermo-viðaukanum og samningi Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali á enn eftir að fullgilda báða samningana. Í skýrslu eftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna með CEDAW samningnum frá því í júlí 2008 er lýst yfir áhyggjum yfir því að mansal og vændi gæti aukist á Íslandi í kjölfar þess að sala á vændi var gerð refsilaus árið 2007 án þess að gripið væri til

---

<sup>5</sup> Yfirlýsingin var hluti af verkefninu Nordic Baltic Campaign gegn mansali.

viðeigandi úrræða á móti (United Nations, 2008). Nefndin gagnrýnir auk þess að hér skuli ekki vera lög um fórnarlamba- og vitnavernd, þrátt fyrir að slík frumvörp hafi nokkrum sinnum verið lögð fyrir Alþingi (ibid).

Í janúar 2008 skipaði félags- og tryggingamálaráðherra starfshóp sem hefur það hlutverk að vinna að aðgerðaráætlun gegn mansali (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2008). Tillögur hópsins hafa ekki verið birtar þegar þetta er skrifað í ágúst 2008 en sem stendur er staðan sú að engin skilgreind viðbragðs- eða aðstoðaráætlun er skilgreind fyrir fórnarlömb mansals og litlu fjármagni er varið í málaflokkinn. Tillaga að aðgerðaráætlun gegn mansali hefur þó verið gerð á Íslandi. Hópurinn sem stóð að 16 daga átaki Sameinuðu þjóðanna<sup>6</sup> gegn kynbundnu ofbeldi árið 2007 sendi frá sér tillögu með ítarlegri aðgerðaráætlun ásamt því að skorað var á stjórnvöld að beita sér af alhug gegn mansali og að fullgilda alþjóðasamninga (Áskorun til stjórvalda..., ódagsett). Í tillöggunni er m.a. tiltekið að brýnt sé að þolendur mansals verði ekki sóttir til saka sem ólöglegir innflytjendur eða vegna ólöglegra aðgerða sem þeir hafa verið neyddir í<sup>7</sup> (Tillögur vegna aðgerðaáætlunar gegn mansali á Íslandi, ódagsett).

Lítið er vitað um umfang mansals á Íslandi og það hefur ekki verið rannsakað. Íslenskur starfshópur á vegum Nordic Baltic Network<sup>8</sup> bar saman bækur sínar og komst að því að öll höfðu þau hitt nokkra þolendur mansals á

---

<sup>6</sup> Sameinuðu þjóðirnar hófu hið alþjóðlega 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi árið 1991. Síðan þá hefur átakið verið árlega dagana 25. nóvember til 10. desember.

<sup>7</sup> Dæmi eru um að slíkt hafi gerst. Til að mynda féllu nokkrir dómar í Hæstarétti árið 2003 yfir fólki sem dómari sem dæmt hafði í máli þeirra í éraðsdómi taldi að væru fórnarlömb mansals. Þau voru á leið til Bandaríkjanna en voru sakfelld fyrir að framvísa fölsuðum vegabréfum (Bragadóttir, 2006).

<sup>8</sup> Nordic Baltic Network eru alþjóðleg samtök sem hafa það markmið að styðja fórnarlömb kynlífstengds mansals.

Íslandi og saman töldu þau 6 – 20 fórnarlömb á milli sín (Ein kona fengið hæli..., 14. febrúar, 2008 og Huldudóttir, 2008). Þetta er þó engan veginn tæmandi listi og engin leið er að meta umfang þess fjölda sem aldrei næst samband við. Þrátt fyrir að umfangið sé óþekkt stærð er þekking til staðar á birtingarmyndum kynlífstengds mansals. Hér verður fjallað um nokkur mál sem hafa verið í umræðu á Íslandi og grunur hefur leikið á um að um mansal sé að ræða.

Í skýrslu Mannréttindaskrifstofu Íslands fyrir nefnd Sameinuðu þjóðanna um CEDAW samninginn (2008) er greint frá því að eigandi eins nektardansstaðarins hafi viðurkennt í fjölmiðlaviðtali að hann hefti frelsi kvenna sem vinni hjá honum eftir að vakt þeirra lýkur<sup>9</sup>. Sami eigandi hefur tvisvar höfðað meiðyrðamál gagnvart blaðamönnum sem hafa fjallað um vændi og mansal í tengslum við nektardansstað hans. Í öðru málinu voru blaðamennirnir sýknaðir en hitt málið var dæmt honum í vil. Báðum málum var áfrýjað til Hæstaréttar (ibid). Það vekur sérstaka athygli að í niðurstöðum dómarans sem dæmdi að ómerkja ætti fjölmiðlaumfjöllun um mansal í tengslum við nektardansstaðinn er orðabók notuð til að skilgreina mansal. Alfarið litið fram hjá þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og íslensku lagaákvæði um mansal þar sem mansal er skilgreint á allt annan og víðtækari hátt. Orðrétt segir í dómnum: „Orðið mansal er skýrt sem þrælasala í íslenskri orðabók“ (Héraðsdómur Reykjavíkur, 4. júní 2008).

Vitað er að kynlífstengt mansal tengist í einhverjum tilvikum hjónaböndum. Fram kom í símtali við Margréti Steinarsdóttur, lögfræðing hjá Alþjóðahúsi, að hún hefur fengið nokkur slík mál inn á borð til sín<sup>10</sup>, m.a. þar sem eiginmenn

---

<sup>9</sup> Nánar tiltekið í 8 klst eftir að vakt lýkur (Ein kona fengið hæli..., 14. febrúar 2008).

<sup>10</sup> Skv. símtali 12. ágúst 2008.

ætlast til að fá óheftan kynlífsaðgang að konunum. Einnig er vitað til þess að vegabréf eru í sumum tilfellum tekin af þeim ásamt stjórn yfir launum (Tuttugu dæmi um mansal á Íslandi, 2008, 3. febrúar). Meistararitgerð Paola Cardenas Kjærnested (2007) veitir ákveðna innsýn í líf innflytjendakvenna sem verið hafa í hjónabandi á Íslandi. Þar kemur fram að hluti kvennanna eru beittar margvíslegu ofbeldi, sumar eru einangraðar og þekkja ekki réttindi sín sem setur þær í aukna áhættu gagnvart hvers kyns misnotkun (Paola Cardenas Kjærnested, 2007).

Nýlega hefur verið mikil fjölmíðlaumfjöllun um mál sem hugsanlega mætti skilgreina sem mansal samkvæmt samningi Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali. Málið á enn eftir að fara fyrir dómsstóla og ekki er vitað á hvaða grundvelli verður ákært. Þær upplýsingar sem birtar hafa verið í fjölmíðlum um málið eru að ofbeldismaðurinn er sagður hafa beitt sambýliskonu sína grófu líkamlegu ofbeldi auk þess að þvinga hana til kynferðismaka, bæði með honum og ókunnugum mönnum. Atburðina tók hann upp á myndband og hotaði henni miklu líkamlegu ofbeldi ef hún neitaði þátttöku (Kröfu um..., 7. ágúst 2008).

Ástæða hinnar miklu fjölmíðlaathygli um málið er að farið var fram á nálgunarbann ámanninn. Það var samþykkt í Hæstarétti í janúar 2008 en í ágúst var framlengingu á nálgunarbanni hins vegar neitað (ibid).

Ofangreindum málum má velta fyrir sér út frá mismunandi skilgreiningum á mansali. Í samningi Evrópuráðsins gegn mansali er stuðst við víða skilgreiningu sem nær einnig til misnotkunar á bágum aðstæðum, einnig þegar samþykki fórnarlamsins er til staðar (Council of Europe, 2005). Þá vakna einnig spurningar um hvaða félagslegu og lagalegu úrræði eru til staðar fyrir fórnarlömb, en eins og fram hefur komið hefur aldrei verið ákært fyrir mansal og

aðeins ein kona hefur fengið dvalarleyfi vegna kynlífstengds mansals á Íslandi (Rökstuddur grunur..., 26. nóvember, 2008).

## Félagsleg úrræði gegn vændi

Þegar opinberar skýrslur og aðgerðaráætlanir til að sporna við vændi eru skoðaðar er óhætt að segja að einhugur er um gildi og mikilvægi félagslegra úrræða til að sporna gegn vændi. Sama hvaða afstaða er tekin til vændis, alltaf er lögð áhersla á að góð félagsleg úrræði þurfi að vera til staðar til að aðstoða fólk sem vill losna úr vændi eða þarf að vinna úr afleiðingum þess. Þegar litið er nánar á hvaða félagslegu úrræði eru til staðar kemur í ljós að einungis ein samtök skilgreina og auglýsa sérstaklega aðstoð til fólks í vændi.

Stígamót, óformleg grasmótarsamtök kvenna sem bjóða ráðgjöf og aðstoð til þolenda kynferðisofbeldis, er eini vettvangurinn þar sem aðstoð við fólk í vændi er skilgreint sérstaklega sem eitt af starfssviðunum. Fólk í vændi er boðinn vettvangur til að vinna úr sínu málum auk þess sem samtökin auglýsa sérstaka símalínu fyrir fólk í vændi (Stígamót, 2008). Árið 2007 nýttu 22 konur og 3 karlar sér viðtalsþjónustu Stígamóta vegna vændis. Þar af voru 12 ný mál og samkvæmt ársskýrslu Stígamóta fyrir árið 2007 leita sífellt fleiri til þeirra vegna kláms og vændis (ibid). Ýmis önnur úrræði eru þó einnig í boði án þess að vera auglýst eða skilgreind sérstaklega sem slík. Sem dæmi má nefna að konur sem vilja losna úr vændi gista stundum hjá Kvennaathvarfinu<sup>11</sup>. Heimilislausar konur

---

<sup>11</sup> Kvennaathvarfið er athvarf fyrir konur sem beittar hafa verið heimilisofbeldi.

geta fengið næturgistingu á Konukoti<sup>12</sup> og á þann hátt komist í skjól frá vændi, ef svo má að orði komast.

Árið 2002 var gefin út skýrsla á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins með tillögum um úrbætur vegna kláms og vændis. Skýrslan var gerð í kjölfar samanburðarskýrslu á löggjöf Norðurlandanna sem birt var árið 2000 (Svala Ólafsdóttir, 2000) og skýrslunnar um félagslegt umhverfi fólks í vændi, sem áður hefur verið minnst á (Bryndís Björk Ásgeirs dóttir o.fl., 2001). Fólk í vændi leitar oft aðstoðar hjá félagsþjónustunni, barnarvernd, heilbrigðiskerfinu og víðar. Tilvik varðandi vændi eru ekki skráð sérstaklega þannig að engar fyrirliggjandi upplýsingar eru til um fjölda tilfella. Oft glímir fólk í vændi við margvísleg vandamál sem þau fá aðstoð eða meðferð við og það er ekki fyrr en mörgum árum seinna sem þau segja frá vændinu, ef þau segja þá frá því á annað borð (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2002). Bent hefur verið á að félagsleg úrræði séu af skornum skammti og að þörf sé á aukinni sérþekkingu og markvissum meðferðarúrræðum.

## Viðhorf til vændis

Á undanförnum árum hafa verið framkvæmdar fimm kannanir á viðhorfum Íslendinga til nektardansstaða og vændis, sú fyrsta framkvæmd árið 1999 og sú síðasta 2007. Töluberður munur er á viðhorfum karla og kvenna til vændis og einnig mælist munur eftir aldurshópum.

Fyrsta könnunin var framkvæmd af Capacent-Gallup árið 1999. Þar var spurt út í starfsemi nektardansstaða; hvort fólk teldi að vændi væri stundað í

---

<sup>12</sup> Konukot er næturathvarf fyrir heimilislausar konur.

tengslum við staðina og hvort það vildi takmarkanir á starfssemi þeirra. Yfirgnæfandi meirihluti, eða 79%, töldu að vændi væri stundað í nokkrum eða miklum mæli í tengslum við nektardansstaðina<sup>13</sup>. Að auki töldu tæp 85% kvenna og um helmingur karla að setja ætti takmarkanir á starfsemi staðanna. Bæði kynja- og aldursmunur mælist í svörum. Konur eru líklegri en karlar til að telja að vændi sé stundað í miklum mæli í tengslum við staðina og að vilja takmarkanir á starfsemi. Aldursmunur birtist í því að eldra fólk er líklegra til að vilja takmarkanir á starfsemi staðanna en það yngra (Capacent-Gallup, 1999).

Capacent-Gallup gerði aðra könnun árið 2002. Þá er spurt hvort fólk telji vændi stundað í tengslum við nektarstaðina og hvort nektardansmeyjar eigi að fá atvinnuleyfi. Hlutfall þeirra sem telja vændi stundað í nokkrum eða miklum mæli hefur lækkað frá árinu 1999, en um 70% telja svo vera. Þá er nær helmingur, eða 49%, andvígur því að nektardansmeyjar fái atvinnuleyfi en 37% hlynnt því (Capacent Gallup, 2002). Ári seinna hefur hlutfall þeirra sem telja vændi stundað í tengslum við staðina aftur hækkað og er orðið svipað og 1999, eða 78%. Í þeirri könnun er einnig spurt út í heimsóknir á nektardansstaðina. Tæp 6% karla sögðust hafa sótt staðina síðustu 12 mánuði áður en könnunin er gerð auk þess sem 1% höfðu farið á erótísku nuddstofu (Capacent-Gallup, 2003).

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum stóð fyrir viðhorfskönnun varðandi jafnrétti kynjanna árið 2003 og þar er í fyrsta sinn spurt hvort kaup á vændi eigi að vera ólögleg. Meirihluti þjóðarinnar svaraði á þann veg að kaup á

---

<sup>13</sup> Ef bætt er við svörum þeirra sem sögðust telja að lítið vændi væri stundað í tengslum við nektardansstaðina hækkar hlutfallið í 96%.

kynlífþjónustu ættu að vera ólögleg, eða 60% karla og 69% kvenna<sup>14</sup>. Enn meiri kynjamunur er á viðhorfum til þess hvort löglegt eigi að vera að stunda vændi sér til framfærslu. 67% karla og 92% kvenna segja slíkt ekki eiga að vera löglegt. Ekki er hægt að segja til um hlutfall þeirra sem hlynnt eru sænsku leiðinni út frá þessari könnun þar sem ekki var spurt beint um hana eða aðra möguleika heldur var spurt um afstöðu til kaupa og sölu í sitthvorri spurningunni. Spurningin um sölu á vændi gefur sterklega til kynna að fólk vilji ekki að vændi sé löglegt á Íslandi. Hins vegar var ekki spurt um hvort sala á vændi ætti að vera refsiverð<sup>15</sup> og því er ekki vitað um afstöðu til þess. Í þessari könnun var einnig spurt út í hvort fólk teldi vændi vera frjálst val þeirra sem það stunda. Um 47% karla og 26% kvenna svöruðu að þau teldu svo vera (Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, 2003).

Frá 2003 til ársins 2007 eru ekki gerðar neinar kannanir á viðhorfum þjóðarinnar til vændis en í lok mars 2007 birtir Capacent-Gallup niðurstöður símakönnunar á viðhorfum þjóðarinnar til þess hvort kaup á vændi eigi að vera refsiverð. Úrtakið var 1210 manns og voru 70% sammála því að kaup á vændi eigi að vera refsiverð, 20% mótfallin því og 10% tóku ekki afstöðu. Kynjamunurinn er sem fyrr töluverður þar sem um 83% kvenna en 57% karla vilja að kaupin séu refsiverð (Gallup: Vændiskaup skyldu vera refsiverð, 2007). Athygli vekur að svipað hlutfall karla er hlynnt því að kaupin séu gerð refsiverð og árið 2003 en aftur á móti hafa viðhorf kvenna breyst mikið og mun fleiri konur eru á þeirri skoðun að gera kaupin refsiverð árið 2007 en 2003.

---

<sup>14</sup> Hlutfall þeirra sem svöruðu að þau væru frekar eða mjög sammála því að kaup á vændi eigi að vera ólögleg.

<sup>15</sup> Ath að hér er gerður greinarmunur á því hvort fólk telji að eitthvað eigi ekki að vera löglegt eða hvort það telur að eitthvað eigi að vera refsivert.

Niðurstöður þessara kannanna leiða í ljós að meirihluti bæði karla og kvenna telja að vændi tengist starfsemi nektarstaða á Íslandi og yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar vill að kaup á vændi séu refsiverð. Engar viðhorfskannanir hafa verið gerðar varðandi hvort fólk telur mansal finnast á Íslandi eða í tengslum við nektarstaðina, einungis hefur verið spurt um vændi. Viðhorf til vændis og mansals birtast ekki einvörðungu í gegnum skoðanakannanir. Kvennahreyfingin á Íslandi hefur verið mjög sýnileg í umræðunni og baráttunni gegn vændi og mansali. Sú saga er stuttlega reifuð í næsta kafla hér á eftir.

## **Barátta kvennahreyfingarinnar gegn vændi og mansali**

Undanfarin ár hefur samstarf á milli kvennahreyfinga og ýmis konar samtaka sem vinna að jafnrétti verið mikið. Kvennahreyfingar og samtök hafa sameinast um margvíslegar aðgerðir og hafa margar þeirra verið um baráttuna gegn vændi og mansali. Í þessum kafla verður fjallað um samstöðu kvennahreyfingar og nokkrar af sameignilegum aðgerðum hennar gegn vændi og mansali.

Fyrsta sameiginlega aðgerð kvennasamtakanna sem fjallað verður um hér vakti heimsathygli. Í júní árið 2003 var ráðstefna hinna nýstofnuðu samtaka The European Network Against Trafficking in Women for Sexual Exploitation haldin á Íslandi. Fulltrúi Grikklands á ráðstefnunni fjallaði um fyrirætlanir grískra stjórvalda um að fylgja vændishúsum fyrir Ólympíuleikana í Aþenu 2004. Í kjölfarið tóku fimm samtök sig saman og sendu Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ) áskorun um að kynna sér málið og hafa samband við Alþjóða Ólympíunefndina (Stígamót, 2004). ÍSÍ brást skjótt við og sendi frá sér yfirlýsingu þar sem aðgerðir grískra stjórvalda voru gagnrýndar harðlega (ÍSÍ

lýsir andúð..., 2003, 30. september). Áskorun samtakanna fimm sem og yfirlýsing ÍSÍ vöktu heimsathygli og birtu fjölmíðlar víða um heim umfjöllun um málið (Svíar taka undir..., 2003, 3. júlí). Sjö jafnréttisráðherrar Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna<sup>16</sup> sendu frá sér yfirlýsingu í kjölfarið þar sem sagt er að aðgerðir Grikkja ýti „enn frekar undir að konur séu misnotaðar og hafðar að féþúfu.“ (Veraldleg og andleg..., 2003, 23. júlí).

Með þessari aðgerð var tónninn gefinn. Fram undan var hörd barátta til að fá sænsku leiðina innleidda á Íslandi. Í þeim tilgangi buðu 11 samtök og stofnanir Margareta Winberg, þáverandi varaforsætisráðherra Svíþjóðar, í heimsókn til Íslands í september 2003 (Stígamót, 2004). Á haustmánuðum það ár lögðu þingkonur allra flokka nema Sjálfsstæðisfloksins fram frumvarp á Alþingi þess efnis að kaup á vændi yrðu refsiverð, þ.e. 14 af 18 þingkonum lögðu frumvarpið sameiginlega fram. Kvennahreyfingin studdi frumvarpið og beitti sér fyrir því á margvíslegan hátt.

Þetta var í þriðja sinn sem lagt var fram frumvarp þess efnis að gera kaup á vændi refsiverð. Frumvarpið hafði aldrei náð svo langt að fara í atkvæðagreiðslu en það var von kvennahreyfingarinnar að það tækist í þetta sinn. Hún beið því með eftirvæntingu að frumvarpið yrði afgreitt út úr allsherjarnefnd sem gerðist þó ekki fyrr en á síðustu dögum þingsins. Óvissa var þó enn um hvort frumvarpið yrði sett á dagskrá Alþingis svo greiða mætti atkvæði um það. Til að undirstrika stuðning við frumvarpið sendu 15 samtök frá sér yfirlýsingu þar sem því var fagnað að frumvarpið væri komið úr allsherjarnefnd og skorað var á forseta Alþingis að setja málið á dagskrá (Lýsa

---

<sup>16</sup> Einungis jafnréttisráðherra Dana ákvað að taka ekki þátt í sameiginlegri yfirlýsingu.

yfir..., 2004, 25. maí). Málalyktir urðu þær að forseti Alþingis ákvað að setja frumvarpið ekki á dagskrá þannig að atkvæðagreiðsla fór ekki fram (Samkomulag um..., 2004, 27. maí).

Árið 2004 tók Ísland í fyrsta sinn þátt í hinu alþjóðlega 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi sem Sameinuðu þjóðirnar standa fyrir (Kynbundið ofbeldi..., 2004, 25. nóvember). Sextán félagasamtök og stofnanir tóku þátt það ár og í kjölfarið var útbúin aðgerðaráætlun gegn kynbundnu ofbeldi sem afhent var stjórnvöldum í mars árið 2005. Þar er að finna ítarlegan lista yfir tillögur gegn kynbundnu ofbeldi, þar á meðal vændi og mansali. Í aðgeraráætluninni er vændi skilgreint sem „eitt birtingarform kynbundins ofbeldis“ (Mannréttindaskrifstofa Íslands, 2005, bls. 3) og áhersla lögð á að flytja ábyrgð af vændi yfir á kaupendur og milligöngumenn en afnema refsiábyrgð af vændiskonum. Meðal aðgerða gegn mansali er farið fram á að stjórnvöld fullgildi samning Sameinuðu þjóðanna með því að innleiða fórnarlamba- og vitnavernd í lög, að lög gegn klámi verði virt og að erlendar konur í hjónabandi fái aukin dvalar- og atvinnuleyfi í þeim tilvikum sem um ofbeldi er að ræða (ibid).

Í kjölfar aðgerðaráætlunar kvennahreyfingarinnar setti þáverandi ríkisstjórn á laggirnar nefnd sem hafði það hlutverk að útbúa heildstæða aðgerðaráætlun stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi. Metnaðarfull áætlun leit dagsins ljós í lok árs 2006 og var aðgerðaráætlun kvennahreyfingarinnar höfð til hliðsjónar (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, ódagsett a og Aðgerðaráætlun vegna..., 2006, 6. des). Prátt fyrir að áætlunin sé ítarleg og innihaldi margt af því sem kvennahreyfingin lagði til þá er hvergi minnst á vændi í henni (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2006). Í dag er starfandi starfshópur á vegum félags-

og tryggingamálaráðuneytisins sem vinnur að heildstæðri aðgerðaráætlun gegn mansali en segja má að vændi falli þarna á milli stafs og hurðar.

## **Umræður**

Nokkur atriði vekja sérstaka athygli hvað varðar vændi og mansal á Íslandi. Áhugavert er að skoða mismunandi sýn á vændi í gegnum söguna. Áherslur hafa færst frá því að snúast um stjórnun á kynhegðun „lauslátra“ kvenna yfir í að skoða vændi út frá félagslegum aðstæðum fólks í vændi, sem og tengsl við alþjóðlega glæpastarfsssemi ásamt því að skoða sjálfa eftirspurnina, þ.e.a.s. kaupendur vændis. Í gegnum söguna hefur ekki verið fjallað mikið um kaupandann sjálfann og jafnvel litið á kaup karla á vændi sem eðlilegan hlut eins og kom í ljós á hernámsárunum þegar til tals kom að flytja erlendar vændiskonur til Íslands til þess að vernda íslenskar konur.

Mismunandi sjónarmið liggja til grundvallar þegar aðgerðir gegn vændi og mansali eru annars vegar. Hörð átök hafa verið um sánsku leiðina á Íslandi. Kvennahreyfingin hefur skilgreint vændi sem eina tegund af kynferðisofbeldi en mismunandi viðhorf má lesa úr lögum og aðgerðum stjórnvalda til að sporna gegn vændi. Í lögnum virðist birtast það viðhorf stjórnvalda að vændi sé óæskilegt sem löggleg atvinnugrein þar sem bannað er að auglýsa eða hafa milligöngu um vændi. Þá hafa stjórnvöld gripið til ýmissa aðgerða til að sporna gegn starfsemi næturklúbba en skort hefur á eftirfylgni við framkvæmd laganna. Þegar aðgerðir stjórnvalda eru skoðaðar má segja að vændi sé að einhverju leyti skilgreint sem félagslegt vandmál en að öðru leyti einkennist umræðan af mismunandi sjónarmiðum sem ekki virðist nást samstaða eða skýr stefna um á

landsvísu. Vændi er þannig hvorki skilgreint sem kynferðislegt ofbeldi, jafnréttismál kynjanna né lögleg atvinnugrein.

Þrátt fyrir að í gildi séu lög gegn mansali, milliganga á vændi er refsiverð og kaup á vændi af barni yngra en 18 ára eru refsiverð, hefur aðeins einu sinni verið sakfellt fyrir milligöngu á vændi frá árinu 1995 þegar merkja má verulega breytingu á kynlífsmarkaðinum. Aldrei hefur verið ákært fyrir mansal eða kaup á vændi af barni yngra en 18 ára jafnvel þó vitað sé að hér er stundað skipulagt vændi fyrir tilstuðlan milligöngu þriðja aðila, vændi ungmenna viðgengst sem og mansal. Það er umhugsunarefni fyrir bæði yfirvöld og samfélagið í heild hvaða merkingu það hefur að lagaúrræði eru til staðar en þeim er ekki beitt. Í þessu samhengi er vert að minnast á ummæli fulltrúa lögreglunnar sem sagði, á fundi starfshóps sem skoðaði löggjöf um vændi á Norðurlöndunum og víðar, að klám og vændi gætu vart talist til forgangsmála lögreglunnar (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2006).

Önnur atriði sem vekja athygli er hversu lítil áhersla er lögð á öflun nýrrar þekkingar, þ.e. rannsóknir á þessu sviði, sem og á félagsleg úrræði. Afar fáar rannsóknir eru til á umfangi vændis og mansals á Íslandi og ekkert er vitað um fjölda kaupenda. Aðeins ein könnun hefur verið gerð á fjölda kaupenda vændis en hún er gerð fyrir þó nokkuð mörgum árum og áður en hin svokallaða klámvæðing með tilheyrandi breytingum á kynlífsmarkaðinum hóf innreið sína á Íslandi. Þegar kemur að félagslegum úrræðum er áberandi hversu falið vandamál vændi er þar sem hvorki er um skrásetningu tilfella að ræða né skilgreind sérstök þjónustuúrræði á vegum hins opinbera, þrátt fyrir að slíkt sé nauðsynlegt til að sporna gegn vændi. Þá er einnig umhugsunarvert út frá jafnréttissjónarmiðum að íhuga hvaða áhrif kynjahlutfall á þingi hefur og sem

dæmi má nefna átökin um sænsku leiðina. Þegar þau stóðu sem hæst veturinn 2003 – 2004 voru konur 18 af 63 þingmönnum, eða tæp 29%. Þrátt fyrir þessa víðtæku samstöðu og miklu baráttu var frumvarpið ekki sett á dagskrá og því voru ekki greidd atkvæði um málið.

Þegar á heildina er litið má segja að ákveðin tregða ríki varðandi úrlausnir á þessu sviði. Ísland á enn eftir að stíga skrefið til fulls til að fullgilda alþjóðasamninga varðandi mansal sem stjórnvöld hafa skuldbindið sig til. Beiting laganna virðist vera annar flöskuháls, sem og veiting fjármagns til rannsókna, forvarna og félagslegra úrræða. Við teljum að skýringin sé ekki síst sú að ekki er samkomulag um hvernig skilgreina beri vændi, hvort það sé þvingað eða frjálst val þeirra sem það stunda, né hve skaðlegar afleiðingar þess eru.

## Heimildir

Aðgerðaráætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis kynnt (2006, 6. des). *Mbl.is.* Skoðað 10. ágúst 2008 á [http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2006/12/06/adgerdaraaetlun\\_vegna\\_of\\_beldis\\_a\\_heimilum\\_og\\_kynfer/](http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2006/12/06/adgerdaraaetlun_vegna_of_beldis_a_heimilum_og_kynfer/)

Akureyrarbær (2002). *Umhverfisráð – 64. fundur 25.09.2002.* Skoðað 13. ágúst 2008 á <http://www.akureyri.is/stjornkerfid/fundargerdir/umhverfisrad/2002/nr/3381>

Almenn hegningarlög nr. 19/1940.

Áskorun til stjórnvalda um aðgerðir gegn mansali (ódagsett). *Mannréttindaskrifstofa Íslands.* Skoðað 11. ágúst 2008 á <http://humanrights.is/undirskriftir/nr/2130>

Beint að starfsemi nektardansstaða (2000, 26. febrúar). *Mbl.is.* Skoðað 13. ágúst 2008 á [http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2000/02/26/beint\\_ad\\_starfsemi\\_nektar\\_dansstada/](http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2000/02/26/beint_ad_starfsemi_nektar_dansstada/)

Bríet Bjarnhéðinsdóttir (1903a). 'Hvíta mansalið'. *Kvennablaðið 1903* (4), bls. 27.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir (1903b). Mansal. *Kvennablaðið 1903* (3), bls. 17-19.

Bryndís Björk Ásgeirs dóttir (2003). *Vændi meðal ungs fólks á Íslandi og félagslegt umhverfi þess.* Reykjavík: Rannsóknir og greining.

Bryndís Björk Ásgeirs dóttir, Hólmfríður Lydíja Ellertsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir (2001). *Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess: áfangaskýrsla.* Reykjavík: Rannsóknir og greining: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Capacent-Gallup (1999, 12. desember). *Pjóðarpúls Gallups: Afstaða til nektarstaða.* Sótt 23. júlí 2008 á <http://gallup.is/?PageID=762&NewsID=480>

Capacent-Gallup (2002, 30. júlí). *Pjóðarpúls Gallups: Nektarstaðir og vændi.* Sótt 23. júlí 2008 á <http://www.gallup.is/?PageID=762&NewsID=753>

Capacent-Gallup (2003, 9. september). *Pjóðarpúls Gallups: Nektarstaðir, vændi og klámefni.* Sótt 23. júlí 2008 á <http://gallup.is/?PageID=762&NewsID=451>

Council of Europe (2005). *Council of Europe Convention on Action against Trafficking in Human Beings and its Explanatory Report*. Warsaw: Council of Europe Treaty Series - No. 197.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið (2002). *Skýrsla nefndar sem falið var að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis*. Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið (2006). *Skýrsla starfshóps sem kynnti sér mismunandi löggjöf um vændi o.fl. á Norðurlöndunum og víðar*. Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið (2008). *Úrskurður vegna kæru á synjun sýslumanns um rekstrarleyfi*. Skoðað 13. ágúst 2008 á [http://www.domsmalaraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/veitingastadir\\_gi\\_stistadir\\_skemmtanahald/Upplysingar/nr/6478](http://www.domsmalaraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/veitingastadir_gi_stistadir_skemmtanahald/Upplysingar/nr/6478)

Dómsmálaráðuneyti: Löggregla braut stjórnsýslulög í máli Strawberries (2007, 22. nóvember). *Eyjan.is*. Skoðað 13. ágúst 2008 á <http://eyjan.is/blog/2007/11/22/domsmalara%C3%B0uneysi-logreglustjori-braut-stjornsyslulog-a-nektardanssta%C3%B0/>

Drífa Snædal (2003). *Kynlífsmarkaður í móttun*. Reykjavík: Jafnréttisráðgjafi Reykjavíkurborgar.

Ein kona fengið hæli vegna mansals (2008, 14. febrúar). *Visir.is*. Skoðað 11. ágúst 2008 á <http://www.visir.is/article/20080214/FRETTIR01/102140257/1239>.

Einar Hjörleifsson (1913). Afreksverk stúdentafélagsins – “Allt í grænum sjó”. *Ísafold* (39), bls. 151-154.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið (2006). *Aðgerðaráætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis*. Skoðað 10. ágúst 2008 á <http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Adgerdaetlun.PDF>

Félags- og tryggingamálaráðuneytið (2008). *Aðgerðir gegn mansali*. Skoðað 28. júlí 2008 á <http://www.felagsmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/3664>.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið (ódagsett a). *Aðgerðáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis*. Skoðað 10. ágúst 2008 á <http://www.felagsmalaraduneyti.is/vefir/adgerdaetlun/>

Félags- og tryggingamálaráðuneytið (ódagsett b). *Mansal – against trafficking in human beings*. Skoðað 28. júlí 2008 á <http://www.felagsmalaraduneyti.is/vefir/mansal/>.

Gallup: Vændiskaup skyldu vera refsiverð (2007, 30. mars). *Ruv.is*. Skoðað 23. júlí 2008 á  
<http://www.ruv.is/heim/frettir/frett/prenta/store64/item149150/>

Greiningardeild ríkislöggreglustjóra (2008). *Mat ríkislöggreglustjóra á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi – opinber útgáfa*. Skoðað 25. júlí 2008 á [http://www.logreglan.is/upload/files/opinbert\\_hattumat.pdf](http://www.logreglan.is/upload/files/opinbert_hattumat.pdf)

Guðný Gústafsdóttir (2008). *Sjálfsmynd súludansmeyja*. Óútgefin rannsóknarskýrsla, Háskóli Íslands, Reykjavík.

Helga Þórey Björnsdóttir (2004). "Við útigangarnir" – *Sjálfsmyndin í orðræðum heimilislauss fólks*. Óútgefin meistaraprófsritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík.

Herdís Helgadóttir (2004). Konur í hersetnu landi. Ísland á árunum 1940-1947. Í Erlingsdóttir, Irma (ritstj.), *Fléttur II: Kynjafræði – Kortlagningar* (bls. 149 – 169). Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum.

Héraðsdómur Reykjaness 19. júlí 2007 í máli nr. S-571/2007.

Héraðsdómur Reykjavíkur 4. júní 2008 í máli nr. E-5903/2007.

Hæstiréttur, dómur nr. 542/2002.

ÍSÍ lýsir andúð á áformum um aukna vændisþjónustu í Áþenu vegna ÓL (2003, 30. júní). *Mbl.is*. Skoðað 3. ágúst 2008 á  
[http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2003/06/30/isi\\_lycir\\_andud\\_a\\_aformum\\_um\\_aukna\\_vaendisthjonusu/](http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2003/06/30/isi_lycir_andud_a_aformum_um_aukna_vaendisthjonusu/)

Kröfu um áframhaldandi nálgunarbann hafnað (2008, 7. ágúst). *Mbl.is*. Skoðað 11. ágúst 2008 á  
[http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2008/08/07/krofu\\_um\\_aframhaldandi\\_nalgunarbann\\_hafnad/](http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2008/08/07/krofu_um_aframhaldandi_nalgunarbann_hafnad/)

Kynbundið ofbeldi dulið vandamál (2004, 25. nóvember). *Mbl.is*. Skoðað 12. ágúst 2008 á  
[http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=831023](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=831023)

Lýsa yfir stuðningi við vændisfrumvarpið (2004, 25. maí). *Mbl.is*. Skoðað 11. ágúst 2008 á  
[http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2004/05/25/lysa\\_yfir\\_studningi\\_v\\_id\\_vaendisfrumvarpid/](http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2004/05/25/lysa_yfir_studningi_v_id_vaendisfrumvarpid/)

Lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994.

Lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002.

Lög um veitinga- og gististaði , nr. 67/1985.

Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.

Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg, nr. 866/2004.

Lögreglustjóri breytir afstöðu til nektardans (2008, 31. júlí). *Vísir.is*. Skoðað 13.

ágúst 2008 á

<http://visir.is/article/20080731/FRETTIR01/50516618&SearchID=73326738687442>

Mannréttindaskrifstofa Íslands (2005). *Aðgerðaráætlun gegn kynbundnu ofbeldi*.

Skoðað 10. ágúst 2008 á

<http://www.mannrettindi.is/media/greinar/adgerdaetlun.kynb.bref.doc>

Mannréttindaskrifstofa Íslands (2008). *Notes on the government of Iceland's sixth report on the implementation of the convention on the elimination of all forms of discrimination against women: Submitted by the Icelandic Human Rights Centre to CEDAW in advance of the Committees consideration of Iceland's sixth periodic report*. Reykjavík, The Icelandic Human Rights Centre.

Mælt með lagafrumvarpi um vændi (2003, 31. október). *Mbl.is*. Skoðað 7. ágúst 2008 á [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=760843](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=760843)

Nektarstaðir bannaðir í miðbæ Hafnarfjarðar (2001, 4. apríl). *Mbl.is*. Skoðað 13. ágúst 2008 á

[http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2001/04/04/nektarstadir\\_bannadir\\_i\\_miðbae\\_hafnarfjardar/](http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2001/04/04/nektarstadir_bannadir_i_miðbae_hafnarfjardar/)

Paola Cardenas Kjærnestad (2007). *Immigrant women's experience through divorce and separation: an psychological perspective*. Óútgefin meistaraprófsritgerð, Háskóli Íslands, Ísland.

Pedersen, Flemming H. og Heindorf, Jette (2001). *Barprostitution? – en kortlægning af 13 strip-barer i København*. København: PRO-Centret.

Ragnheiður Bragadóttir (2006). Vændi: löggjöf og viðhorf. Í Hafstein, Pétur Kr. et.al. (ritstj.), *Guðrúnarbók: afmælisrit til heiðurs Guðrúnu Erlendsdóttur 3. maí 2006*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum (2003). *Jafnréttismál – viðhorfsrannsókn*. Reykjavík: IMG-Gallup

Reykjavíkurborg (2008). *Fundur nr. 5038 – Borgarráð*. Skoðað 3. september 2008 á <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabcid-725>

Rökstuddur grunur um að kona hafi verið sold mansali hingað til lands (2008, 26. nóvember). *Visir.is*. Skoðað 11. ágúst 2008 á

<http://www.visir.is/article/20071126/FRETTIR01/71126080&mrt=2>

Samkomulag um þinglok annað kvöld (2004, 27. maí). *Mbl.is*. Sótt 7. ágúst 2008 á [http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2004/05/27/samkomulag\\_um\\_thinglok\\_annad\\_kvold/](http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2004/05/27/samkomulag_um_thinglok_annad_kvold/)

Siðferðismálin: fundargerð (1921, 27. október). *Morgunblaðið*, bls. 2.

Sigríður Haraldsdóttir og Jóna Ingibjörg Jónsdóttir (1998). *Kynhegðun og þekking á alnæmi*. Reykjavík: Landlæknisembættið.

Silja Björk Hulduðóttir (2008, 13. júní). *Vitað af meintu mansali*. Skoðað 7. ágúst á vef Morgunblaðsins:

[http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1221642](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1221642)

Stígamót (2004). *Ársskýrsla Stígamóta 2003*. Reykjavík, Stígamót.

Stígamót (2008). *Ársskýrsla Stígamóta 2007*. Reykjavík, Stígamót.

Svala Ólafsdóttir (2000). *Klám og vændi: Samanburður á löggjöf Norðurlanda*. Lúxemborg. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Svíar taka undir gagnrýni Íslendinga á vændi í tengslum við Ólympíuleikana (2003, 3. júlí). *Mbl.is*. Sótt 3. ágúst 2008 á [http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2003/07/03/sviar\\_taka\\_udir\\_gagnryni\\_islendinga\\_a\\_vaendi\\_i\\_ten/](http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2003/07/03/sviar_taka_udir_gagnryni_islendinga_a_vaendi_i_ten/)

Sýslumanni ekki stætt á að synja nektarumsókn Goldfinger (2008, 23. maí). *Mbl.is*. Sótt 9. ágúst 2008 á [http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2008/05/23/syslumanni\\_ekki\\_statt\\_a\\_ad\\_synja\\_nektarumsokn\\_gold/](http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2008/05/23/syslumanni_ekki_statt_a_ad_synja_nektarumsokn_gold/)

Tillaga til þingsályktunar um síðareglur opinberra starfsmanna. 135. löggjafarþing 2007-2008. Þskj. 459 – 317. mál.

Tillaga um að kaup á vændi verði refsivert felld (2003, 10. mars). *Mbl.is*. Skoðað 26. júlí 2008 á [http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2003/03/10/tillaga\\_um\\_ad\\_kaup\\_a\\_vae\\_ndi\\_verdi\\_refsivert\\_felld/](http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2003/03/10/tillaga_um_ad_kaup_a_vae_ndi_verdi_refsivert_felld/)

Tilmæli Norðurlandaráðs nr. 9/2003 gegn vændi og mansali.

Tillögur vegna aðgerðaáætlunar gegn mansali á Íslandi (ódagsett). *Mannréttindaskrifstofa Íslands*. Skoðað 11. ágúst 2008 á [http://humanrights.is/media/greinar/adgerdaetlun\\_mansal\\_2007.doc](http://humanrights.is/media/greinar/adgerdaetlun_mansal_2007.doc)

Tuttugu dæmi um mansal á Íslandi (2008, 3. eebrúar). *Visir.is*. Skoðað 7. september á <http://visir.is/article/20080203/FRETTIR01/80203001&SearchID=73329341810193#>

United Nations (2008). *Concluding observations of the Committee on the Elimination of Discrimination against Women: Iceland*. Skoðað 11. ágúst 2008 á <http://www2.ohchr.org/english/bodies/cedaw/docs/CEDAW.C.ICE.CO.6.pdf>

Unnur Margrét Arnardóttir (2008). *Angar alþjóðlegrar glæpastarfsemi á Íslandi: Umfang og eðli mansals*. Óútgefin B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík.

Utanríkisráðuneytið (2007). *Siðareglur íslensku friðargæslunnar*. Skoðað 6. ágúst 2008 á <http://www.utanrikisraduneyti.is/utanrikismal/fridargaesla/log-og-reglur/>

Veraldleg og andleg yfirvöld bregðast ókvæða við vændisáætlun Grikkja (2003, 23. júlf). *Mbl.is*. Skoðað 3. ágúst 2008 á [http://mbl.is/mm/frettir/erlent/2003/07/23/veraldleg\\_og\\_andleg\\_yfirvol+d\\_bregdast\\_okvaeda\\_vid\\_v/](http://mbl.is/mm/frettir/erlent/2003/07/23/veraldleg_og_andleg_yfirvol_d_bregdast_okvaeda_vid_v/)

Vændi og Ólympíuleikar (2003, 25. júní). Skoðað 3. ágúst 2008 á <http://www.feministinn.is/anno2003/vaendi-a-olympiuleikum.htm>

Þorgerður Einarsdóttir (1983). Nauðgun og vændi – vanmáttur hverra? *VERA* (4), bls. 14 – 16.